

Samþykktir fyrir Dvalarheimilið í Stykkishólmi

1. gr.

Dvalarheimilið í Stykkishólmi er stofnað af Stykkishólmsbæ. Heimili þess og varnarþing er í Stykkishólmi.

2. gr.

Dvalarheimilið í Stykkishólmi er að fullu í eigu Stykkishólmsbæjar.

3. gr.

Tilgangur heimilisins er að reisa og starfrækja dvalar- og þjónustuheimili fyrir aldraða í samræmi við lög nr. 82/1989 um öldrunarþjónustu.

4. gr.

Stykkishólmsbær leigir heimilinu húsnæðið við Skólástíg 14 í Stykkishólmi.

5. gr.

Stjórn heimilisins skipa 3 menn og 3 til vara, skulu þeir skipaðir af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar til 4 ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

6. gr.

Stjórnin er umsagnaraðili um rekstur heimilisins með þeirri verkaskiptingu sem segir í samþykktum þessum. Stjórnin er umsagnaraðili um ráðningu forstöðumanns heimilisins og setur honum erindisbréf þar sem tilgreind er m.a. ábyrgð hans á fjárreiðum heimilisins og daglegum rekstri.

7. gr.

Stjórnin kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara. Formaður boðar til stjórnarfunda, stjórnar þeim og fylgir eftir ákvörðunum stjórnarfunda. Á fundum stjórnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari heldur gerðabók yfir allt sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Reikningsár og starfsár heimilisins er almanaksárið.

9. gr.

Að loknu hverju starfsári skal stjórnin leggja fyrir bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar starfsskýrslu og endurskoðaða reikninga heimilisins. Stjórn skal í október hvers árs leggja fyrir bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs. Endurskoðun skal framkvæmd með sama hætti og viðhöfð er við endurskoðun ársreikninga Stykkishólmsbæjar.

10. gr.

Stjórnin hefur tillögurétt til lántöku fyrir heimilið enda sé gert ráð fyrir slíku í samþykktri fjárhagsáætlun heimilisins, sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.

11. gr.

Forstöðumaður ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra

12. gr.

Breytingar á samþykktum þessum má því aðeins gera að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar.

13. gr.

Samþykktir þessar gilda frá og með 1. janúar 2007.

Samþykktir þessar eru þannig samþykktar á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar þann 26.10.2006.